

# Jafnréttisáætlun Heilbrigðisvísindasviðs 2016 - 2018



Lögð fram til samþykktar á sviðsþingi 11. október 2016



**HÁSKÓLI ÍSLANDS**  
HEILBRIGÐISVÍSINDASVIÐ



Jafnréttisáætlun Heilbrigðisvísindasviðs tekur mið af jafnréttisáætlun Háskóla Íslands 2014-2017 og stefnu Háskóla Íslands 2016-2021 (HÍ 21). Skv. HÍ 21 er jafnrétti eitt grunngilda skólans:

*„Jafnrétti er leiðarljós í starfi skólans og grundvöllur fjölbreytni og virðingar í háskólasamfélaginu“.*

Einn lykilmælikvarða HÍ21 er samanburður á kjörum karla og kvenna. Jafnframt er eitt meginmarkmiða jafnréttisáætlunar Háskóla Íslands að tryggja samþættingu jafnréttissjónarmiða í öllu starfi Háskóla Íslands, þar með samþættingu við alla stefnumótun, áætlanagerð og ávarðanatöku. Með þessu markmiði er stefnt að því að „*allir innan Háskóla Íslands geri það að viðteknu verklagi að huga að stöðu ólíkra hópa sem hætt er við mismunun með markvissum og kerfisbundnum hætti í hvert sinn sem stefna er mótuð eða ákvörðun tekin.*“

Jafnréttisáætlun Háskóla Íslands miðar jafnframt „...að því að *allir einstaklingar fái notið réttinda sinna innan skólans án mismununar á grundvelli kyns, kyngervis, kynvitundar, kynhneigðar, aldurs, fötlunar, heilsufars, þjóðernis, kynþáttar, litarháttar, uppruna, trúarbragða, skoðana, menningar eða stöðu að öðru leyti, sem lítilsvirðir eða misbýður einstaklingi eða hópi sem fyrir henni verður.*“

Áætlun þessi tekur því á jafnrétti í viðum skilningi, þar með talið málaflokka fötlunar, fjölmennningar og málefni hinsegin fólks auk kynjajafnréttis.

## **Starfsfólk Heilbrigðisvísindasviðs, staða og kjör**

Við Heilbrigðisvísindasvið starfar stór og fjölbreyttur hópur fólks sem hefur ólíkt hlutverk. Fyrir utan fastráðið starfsfólk og nemendur, eru stundakennarar áberandi, en haustið 2015 störfuðu 1040 stundakennarar við sviðið. Á hverjum tímapunkti eru einnig margir nemendur ráðnir til lengri eða skemmri tíma í tengslum við nám sitt og/eða rannsóknir kennara. Vegna lagaumhverfis og reglna liggja tölur um kyn fyrir, en erfiðara er að greina starfsmannahópin eftir öðrum leiðum vegna þess að upplýsingarnar liggja ekki fyrir.

Í ágúst 2015 störfuðu 325 starfsmenn Heilbrigðisvísindasvið í samtals 231.5 stöðugildum, þar með taldir nemendur á launum og starfsfólk rannsóknarstofa. Samtals eru 38.9% starfsmanna sviðsins karlar og 61.1% starfsmanna konur. Þegar þessar tölur eru bornar saman við desember 2011 sem miðað var við í Jafnréttisáætlun HVS 2012-2015, má sjá að þá voru karlar 41% starfsmanna sviðsins og konur 59%. Í báðum tilvikum eru skoðuð hlutföll kynja miðað við stöðugildi.

Eftirfarandi tafla sýnir fjölda einstaklinga eftir starfsheitum og kyni í stjórnsýslu og akademíu innan sviðsins. Hér sést að einungis konur vinna í stoðþjónustu og stjórnsýslu, og hefur hlutur þeirra því hækkað úr 91% í 100% síðan 2011. Eins og algengt er meðal akademískra starfsmanna annarra sviða og háskóla eru konur í meirihluta í neðri stigum akademískra starfa (aðjúnktar og lektorar), en karlar eru fleiri í dósentsstöðum og prófessorsstöðum. Þó hafa hlutföllin breyst konum í vil hjá öllum þremur starfsheitum, þar sem konur voru áður 59% lektora, en eru nú 63%, voru áður 32% dósenta en eru nú 41%, og voru áður 27% prófessora en eru nú 28%. Það verður að teljast jákvætt að konum hefur fjölgað í akademískum stöðum, en mikilvægt er að fylgjast vel með því hvort þeim gangi jafnvel og körlum að hljóta framgang í kerfinu. Að

sama skapi eru 75% aðjúnktar I og II konur og starfsmenn við rannsóknir sem fá laun sín af sjálfsaflafé eru 63% konur og 27% karlar.

Samantekt á fjölda starfsmanna og fjölda stöðugilda greint eftir kyni má sjá í eftirfarandi töflu:

Starfsheiti stutt	Starfsmenn		Stöðugildi		Fjöldi starfsmanna	Fjöldi stöðugilda
	kk	kvk	kk	kvk		
Prófessorar	61,0	24,0	38,8	19,2	85,0	58,0
Dósentar	32,0	22,0	20,2	17,3	54,0	37,5
Lektorar	14,0	24,0	8,5	15,5	38,0	24,0
Vísindamenn, fræðimenn, sérfræðingar	2,0	2,0	1,5	1,0	4,0	2,5
Aðjúnkt 1 (>50%)	3,0	7,0	1,8	4,3	10,0	6,1
Aðjúnkt 2 (<50%)	2,0	8,0	0,5	2,1	10,0	2,6
Starfsmenn við rannsóknir og nýdóttarar	1,0	2,0	1,0	1,1	3,0	2,1
Klíník, aðstoðarmenn og aðrir	0,0	9,0	0,0	6,9	9,0	6,9
Stjórnsýsla	0,0	29,0	0,0	24,5	29,0	24,5
Starfsm. við rannsóknir, þjónustu og nýdóttarar - Sjálfsaflafé	22,0	61,0	17,8	49,5	83,0	67,3
	<b>137,0</b>	<b>188,0</b>	<b>90,1</b>	<b>141,3</b>	<b>325,0</b>	<b>231,5</b>

Eftirfarandi tafla sýnir samantekt á fjölda starfsmanna í akademískum stöðum í ágúst 2015 og starfsmanna sem vinna við rannsóknir eftir kyni og deildum innan HVS:

Fjöldi karla og kvenna í störfum eftir deildum.

	Prófessorar			Dósentar			Lektorar			Aðjúnktar			Sjálfsafla rannsóknafólk			Alls
	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	Karlar	Konur	Samtals	
HJÚ	2	7	9	1	7	8	0	6	6	1	3	4	0	1	1	28
LYF	4	3	7	0	1	1	2	1	3	0	1	1	8	19	27	39
LÆK	45	10	55	23	8	31	5	13	18	2	9	11	10	29	39	154
MON	4	2	6	1	1	2	0	3	3	1	0	1	2	7	9	21
SÁL	4	1	5	4	4	8	0	1	1	0	0	0	2	3	5	19
TAN	2	1	3	3	1	4	7	0	7	1	2	3	1	2	3	20
Alls	61	24	85	32	22	54	14	24	38	5	15	20	23	61	84	281

Áhugavert er einnig að skoða fjölda stundakennara, en konur eru fleiri en karlar í hópi stundakennara í öllum deildum sviðsins. Um 72% stundakennara sviðsins eru konur en 28% karlar:

Deild	Karl	Kona	Samtals stundakennarar		Samtals 2015
			Karl	Kona	
LÆK	156	284	35%	65%	440
HJÚ	39	252	13%	87%	291
SÁL	23	43	35%	65%	66
TAN	15	27	36%	64%	42
MON	12	27	31%	69%	39
LYF	11	27	29%	71%	38
LÝÐ	7	18	28%	72%	25
<b>Samtals</b>	<b>263</b>	<b>678</b>	<b>28%</b>	<b>72%</b>	<b>941</b>

Ekki liggja fyrir tölur um launamun, en líklegt er að þær muni liggja fyrir í lok árs 2016 þegar Jafnréttisnefnd Háskóla Íslands fær niðurstöður úr jafnlaunakönnun fyrir allan skólann.

Til að styðja við áður nefnd gildi sem sett eru fram í stefnu Háskóla Íslands (HÍ21) setur Heilbrigðisvísindasvið sér eftirfarandi markmið:

Markmið	Aðgerðir	Tímaáætlun	Ábyrgð	Útfærsla og staða
Jafnt hlutfall kynja í föstum nefndum innan sviðs (þ.m.t. deildir og námsbrautir), sem og dómnefndum og valnefndum sem skipað er í vegna nýráðningar eða framgangs. (ekki lægra hlutfall en 40% af hvoru kyni).	Gátlisti um hvernig skipa skuli í nefndir og ráð út frá kynjasjónarmiðum verði gerður.  Ut anumhald um tölulegar upplýsingar um kynjahlutföll í nefndum.	Gátlistinn verði uppfærður fyrir lok nóvember 2016.  Verkefnið er stöðugt í gangi.	Sviðsforseti, deildarforseti, rekstrarstjóri, starfsmannastjóri og jafnréttisnefnd HVS.  Formaður jafnréttisnefndar heldur utan um tölulegar upplýsingar í samvinnu við upplýsingafullt rúa sviðsins.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Jafnréttisnefnd HVS gerir gátlistann í samstarfi við starfsfólk á skrifstofu HVS.</li> <li>Gátlistanum verður dreift til stjórnenda sviðsins.</li> <li>Hann verður vistaður á heimasvæði HVS í Uglunni.</li> <li>Í mars á hverju ári eða áður en skipað er í fastanefndir deilda og HVS er ferillinn sendur til þeirra sem skipa í nefndir.</li> <li>Árlega fer jafnréttisnefnd HVS yfir stöðu mála og gerir athugasemdir ef þurfa þykir.</li> </ul>
Stuðla áfram að jafnari kynjaskiptingu við ráðningu í störf.	Í auglýsingum um störf skal eftir sem áður vísa til jafnréttisstefnu HÍ og þess markmiðs að jafna hlutfall kynja. Þess gætt að texti starfsauglýsingar taki ekki frekar mið af öðru kyninu.	Verkefnið er stöðugt í gangi.	Starfsmannastjóri, deildarstjóri, deildarforsetar og starfsmannasvið.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Þegar ákveðið hefur verið að auglýsa starf, er auglýsingin samin með framangreind markmið í huga.</li> <li>GARCIA verkefnið undir stjórn Þorgerðar Einarsdóttur vinnur að gerð gátlista um auglýsingar og ráðningar í störf með kynjasjónarmið í huga.</li> <li>Gátlistinn verður kynntur og sendur á ábyrgðaraðila þegar hann verður tilbúinn.</li> </ul>



Jöfn laun starfsfólks óháð kyni.	Teknar verði saman upplýsingar um laun eftir kyni innan sviðsins og þær uppfærðar reglulegar.	2016 og síðan annað hvert ár eftir það.	Jafnréttisnefnd HVS í samvinnu við starfsmannasvið HÍ og skrifstofu HVS.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Í stað þess að taka þessar upplýsingar saman sérstaklega fyrir HVS verður leitað eftir upplýsingum frá Jafnréttisnefnd HÍ og Starfsmannasviði HÍ um niðurstöður jafnlaunakönnunar.</li> <li>Jafnlaunakönnunin verður jafnframt kynnt innan HVS.</li> </ul>
----------------------------------	---	---	--	---

## Starfsandi og starfsumhverfi

Heilbrigðisvísindasvið leggur áherslu á að skapa starfsfólki og nemendum sem bestar aðstæður og stuðla að vellíðan í starfi, þannig að allir fái sem best notið sín. Þar ríki jafnræði og virðing fyrir mönnum og málefnum og andrúmsloft laust við fordóma og mismunun. Með þessu vísar þessi áætlun til víðari skilgreiningar á jafnrétti sem Jafnréttisáætlun HÍ tekur nú til, þar sem leitast er við að einstaklingar innan sviðsins njóti jafnréttis óháð kyni, kyngervi, kynvitund, kynhneigð, aldri, fötlun, heilsufari, þjóðerni, kynþætti, litarhætti, uppruna, trúarbrögðum, skoðunum, menningu eða stöðu að öðru leyti.

Markmið	Aðgerðir	Tímaáætlun	Ábyrgð	Útfærsla og staða
Að starfsfólk og nemendur sviðsins búi við jafnræði þegar kemur að staðsetningu náms- og starfsstöðva.	Áhersla lögð á að húsakostur sviðsins verði færður á einn stað til að lágmarka ferðatíma starfsfólks og nemenda og auka hagræði.	Stöðugt.	Sviðsforseti, deildarforseti og rekstrarstjóri.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Háskólayfirvöld séu vel upplýst um stöðu húsnæðismála innan HVS.</li> </ul>
Að starfsfólk með fötlun hafi vinnuaðstæður við hæfi.	Gerðar verði nauðsynlegar ráðstafanir svo starfsfólki með fötlun sé gert kleift að taka þátt í háskólastarfinu.	Alltaf þegar við á.	Starfsmannastjóri, rekstrarstjóri, deildarforsetar, deildarstjórar og jafnréttisnefnd HVS.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Yfirmenn vel upplýstir um hvaða möguleikar séu fyrir hendi um útfærslu.</li> <li>Starfsmenn fái fræðslu um stöðu ólíkra hópa.</li> </ul>
Að starfsfólk af erlendum uppruna hafi	Gerðar verði nauðsynlegar ráðstafanir svo starfsfólki af erlendum uppruna sé gert kleift	Stöðugt.	Starfsmannastjóri, rekstrarstjóri, deildarforsetar, deildarstjórar og	<ul style="list-style-type: none"> <li>Yfirmenn vel upplýstir um hvaða möguleikar séu fyrir hendi.</li> </ul>

vinnuaðstæður við hæfi.	að taka þátt í háskólastarfinu, svo sem að allir opinberir tölvupóstar verði bæði á íslensku og ensku og lykilskjöl verði þýdd yfir á ensku. Að jafnréttisáætlun þessi verði þýdd á ensku.		jafnféttisnefnd HVS.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Þess gætt að mikilvægar upplýsingar komist til skila.</li> <li>• Starfsmenn fái fræðslu um stöðu ólíkra hópa.</li> </ul>
Að andrúmsloft sé laust við fordóma og mismunun.	Tekið skal mið af því að fólk afi ólíkan bakgrunn og hafi þess vegna ólíkar þarfir og væntinga.	Stöðugt.	Allt starfsfólk.	
Að stuðla að góðum samskiptum innan sviðsins.	Samskiptaverkefni HVS verður haft til hliðsjónar við störf sviðsins.	Lagt fyrir á þingi HVS 11. október 2016. Endurskoðað árlega.	Starfsmannastjóri, rekstrarstjóri og sviðsforseti.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fjallað um verkefnið á verklagsreglur og aðerðarannsókn kynnt á deildarstjórafundi.</li> <li>• Fjallað um verkefnið á fundi stjórnar HVS.</li> <li>• Verkefnið verði kynnt vel meðan starfsmanna sviðsins og hún gerð aðgengileg á vefnum.</li> <li>• Lagt fram til samþykktar á haustþingi HVS .</li> </ul>
Að stuðla að víðtækari fræðslu nemenda HVS um málefni trans-, intersex og kynsegin fólks og aðkomu þess að heilbrigðiskerfinu.	Að koma á fót þverfaglegri fræðslu um málefni trans-intersex og kynsegin fólks í samkennslunámskeiði Heilbrigðisvísindasviðs.	Stöðugt.	Kennslumálanefnd, deildarforsetar, Jafnréttisnefnd HVS.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Markmið þessi rædd við kennslumálanefnd og stungið upp á að svipað starf og það sem Ástráður hefur staðið fyrir hjá Læknadeild verði tekið upp hjá öðrum deildum.</li> <li>• Áhersla lögð á þverfaglega aðkomu að fræðslunni þar sem engin ein deild býr yfir nægri sérþekkingu á málefninu.</li> </ul>

## Kynjaskipting nemenda Heilbrigðisvísindasviðs

Í febrúar 2016 voru 2218 nemendur á Heilbrigðisvísindasviði, sem er fjölgun um 6.5% frá 2012. Þar af eru 23% karlar og 77% konur. Hlutfall kvennemenda er því nokkuð hærra á sviðinu en þegar horft er til háskólans í heild þar sem konur eru um 65% nemenda. Árið 2012 voru karlnemendur 24%, og stendur hlutfallslegur fjöldi þeirra því í stað eða lækkar frá því þá. Hlutfall kynja eftir deildum er breytilegt, en alls staðar eru konur í talsverðum meirihluta. Mestur er munurinn í Hjúkrunarfræðideildinni þar sem einungis 2% nemenda eru karlar, en þeir voru um 1% nema árið 2012. Minnstur munur er í Læknadeild þar sem 67% nemenda eru konur og 33% nemenda karlar.

	kk	kvk	alls	%kk	%kvk
<b>HJÚ</b>	10	472	482	2%	98%
<b>LYF</b>	59	154	213	28%	72%
<b>LÆK</b>	227	452	679	33%	67%
<b>MON</b>	26	105	131	20%	80%
<b>SÁL</b>	166	422	588	28%	72%
<b>TAN</b>	26	99	125	21%	79%
<b>Alls</b>	514	1704	2218	23%	77%

Ekki hefur tekist að fjölga hlutfalli karlmanna meðal nemenda. Ekki einungis á Heilbrigðisvísindasviði, heldur í háskólum landsins yfirleitt. Það er því langtímamarkmið sviðsins að jafna kynjaskiptingu innan allra deilda. Í því skyni hefur sviðið sett sér eftirfrandi markmið.

Markmið	Aðgerðir	Tímaáætlun	Ábyrgð	Útfærsla og staða
Höfða jafnt til beggja kynja og vinna gegn staðalmyndum um námsgreinar og starfsstéttir.	Eftirfylgni með efni í tengslum við námskynningar, bæði prentað efni og á vefnum.  Tekið tillit til kynjasjónarmiða í námskynningum.	Fyrir háskóladaginn og aðrar námskynningar á árinu 2017 og árlega eftir það.	Markaðs- og kynningastjóri HVS og jafnréttisnefnd HVS í samvinnu við kynningarnefndir deilda.	<ul style="list-style-type: none"> <li>Allt efni sem gefið er út fyrir námskynningar verði yfirfarið árlega m.t.t. hvort framsetning þessi halli á annað kynið.</li> <li>Bæði farið yfir myndefni og texta, á prenti og á vefnum.</li> <li>Ljósmyndir teknar með kynjasjónarmið í huga.</li> <li>Leitað verði til jafnréttisfulltrúa HÍ um val á myndefni.</li> </ul>

				<ul style="list-style-type: none"> <li>• Bæði kyn kynni námið.</li> <li>• Nemendur undirbúnir fyrir kynningarnar með kynjasjónarmið í huga.</li> </ul>
Auka meðvitund nemendafélaga um framsetningu efnis sem frá þeim kemur, t.d. ýmsar auglýsingar, í tímaritum og á heimasíðum.	Fundað með Sviðsráði HVS þar sem sitja formenn nemendafélaga auk tveggja fulltrúa sviðs.	Á fundi með formönnum nemendafélaga í upphafi haustmisseris 2016 og árlega eftir það.	Jafnréttisnefnd HVS í samvinnu við jafnréttisfulltrúa HÍ.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Fundurinn undirbúinn í samvinnu við jafnréttisfulltrúa HÍ.</li> <li>• Raunveruleg dæmi rædd.</li> </ul>
Að jafnréttissjónarmið þá sé gætt í hvívetna við kennslu innan sviðsins.	Gátlisti um samþættingu jafnréttissjónarmiða í kennslu kynntur.  Að leitast verði til þess að fyrirlestrar í námskeiðum innan sviðsins verði teknir upp þar sem því verður komið við.	Árlega  Stöðugt	Jafnréttisnefnd HVS í samvinnu við kennslumálanefnd HVS  Kennarar innan sviðsins. Deildarforsetar. Kennslumálanefnd.	<ul style="list-style-type: none"> <li>• Gátlistinn kynntur á kennsluþróunardegnum. af jafnréttisfulltrúum skólans.</li> <li>• Gátlistinn sendur á deildarforseta sviðsins til frekari dreifingar til kennara.</li> <li>• Jafnréttissjónarmið varðandi upptöku fyrirlestra kynnt.</li> </ul> <p>Kennarar fá viðhlítandi þjálfun í upptöku fyrirlestra.</p>

## Eftirfylgni og endurskoðun

Áætlunin verði kynnt til samþykktar á þingi HVS 11. október 2016. Áætlunin verður viðstuð á heimasíðu Heilbrigðisvísindasviðs í Uglu. Hún verður jafnframt send til starfsfólks sviðs og formönnum nemendafélaga og kynnt í kynningarefni sem og fyrir nýju starfsfólki.